


Ágúst 1966.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



EFNISYFIRLIT :

Bls.

Ur dagbók miðils. Þorsteinn Jónsson	3
Ótvíræð dæmi. P.J.	5
Breytum stefnunni. Ingvar Agnarsson	7
Ólafur Halldórsson skrifar	8
Dr. Helgi Pjéturss	9
Stuttar frásögur	10
Vísindagreinar framtíðarinnar. Ingvar Agnarsson .	12
Þorsteinn Jónsson á Úlfss töðum sjötugur. Bjarni Bjarna- son, Brekkubæ	14
Reikningar Félags Nýalssinna 1965	14
Eftirmáli P.J.	15

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfss töðum, Borgarfirði

Forsíð um mynd : Þverskurðarmynd af vetrarbrautinni.

Á myndinni sést staða sólarinnar nálægt jaðri vetrarbrautarinnar, um 30.000 ljósár frá miðju hennar. Þvermál vetrarbrautarinnar er talið vera um 100.000 ljós ár, og þykkt hennar um miðju nálægt 10.000 ljós-ár. Lýsandi sólir vetrarbrautarinnar eru áætlaðar að vera um 200.000.-000 tvö hundruð þúsund miljónir. Umhverfis sjálfa vetrarbrautina gengur allmikill fjöldi kúlulaga stjörnuþyrpinga, sem hver um sig innihalda mikinn fjölda sólna.

Stjörnur vetrarbrautarinnar ganga mishratt, eftir fjarlægð þeirra frá þungamiðju hennar. Sólin t.d. gengur með 250 til 300 kílómetra hraða á sekúndu á braut sinni um miðju vetrarbrautar, og tekur ein hringferð um 200 miljónir ára, enda er sú vegalengd geysileg eða um 190 þúsund ljósár. Þær sólir sem nær eru útjöðrum vetrarbrautar ganga hægar á brautum sínum en hraðar þær sem nær eru miðju.

Vetrarbrautin í heild er svo aftur á hraðferð um geiminn. Er hún tengd með aðdráttarafli nokkrum nálægum vetrarbrautum sem snúast hver um aðra, og mynda þannig sameiginlegt hverfi vetrarbrauta.

Til að geta haft full not af kenningum dr. Helga Pjeturss, er í rauninni nauðsynlegt að gera sér nokkra grein fyrir þeim mikla heimi, sem við lifum í, með sínum óandanlega fjölda af stjörnum og vetrarbrautum og aðdráttarsamböndum þeirra.

Eins og vitað er nú með vissu um, slík sambönd í hinum líflausa heimi, eins er víst, að til er samband milli hinna lifandi vera alheimsins, þótt enn hafi vísindamenn og flestir aðrir ekki áttar ekki á þeirri staðreynd.

Ingvar Agnarsson, 20/8, '66.

Heimild : L'astronomie sans télescope eftir Pinne Rousseau.

ÚR DAGBÓK MIÐILS.

Nýlega las ég "Úr dagbók miðils" eftir Elinborgu Lárusdóttur, sem kom út fyrir rúmlega 20 árum, og vil ég hér víkja að sumu þar, sem hvorki miðill né bókarhöfundur virðast hafa gert sér neina grein fyrir, en mér virðist vera sönnun þess, sem ég hefi verið að halda fram varðandi skyggni. Þannig er á bls. 98 talað um framlíðið fólk, sem miðillinn þykist sjá á ákveðnum stað í íbúð sinni, og segist hann hafa verið að tala um það við konu sína, að sér þyki óviðkunnanlegt, að börnин, sem voru þar að hlaupa um, verði að fara gegnum þetta fólk. Síðan segir hann: "T.d. um það, hve þessi sýn var áleitin við mig, get ég sagt yður það, að á kvöldin, þegar ég var lagstur í säng og breiddi yfir höfuð, sá ég þau þrjú standa í ganginum þar til þeim þóknadist að hverfa".

Eins og gefur að skilja, þá hefir miðillinn, Andrés Böðvarsson, alls ekki séð fram í þennan gang, eftir að hann hafði breitt yfir höfuð, og hlýtur því þessi skyggni hans að hafa verið samskonar og "röntgenskyggni" Andréasar Andréssonar klæðskera, sem samkvæmt frásögn Jónasar Þorbergssonar greindi sjúkdóma fólks með lokuðum augum. Hefir þarna því hlotið að vera um einhverskonar sambandsskyn að ræða, og gangurinn, þar sem hann þóttist sjá fólkis, ekki verið neinn gangur heima hjá honum. Hinsvegar mætti ætla, þó að sagt sé í bókinni, að A.B. hafi ekki verið líkamningamiðill, að einhver vísir til slíks hafi stundum átt sér stað í sambandi við hann. Má þar til nefna það, sem á bls. 69 til 70 segir frá átökum, sem hann í draumi þóttist eiga í við framlíðinn mann, en þau átök virðast hafa skilið eftir sig nokkur verksum merki. Segir af því á þessa leið:

"Hann þrífur hendi í hálsmálið á mér og sviftir mér fram á gólf, en þá var ég áreiðanlega vakandi og sá á eftir honum út. En þegar ég fer að athuga eftir á, var hvalbeinið fyrir hurðinni, sængin og koddinn fram á gólfí og slitnar tvær tölur af skyrtum mínum báðum og rifið út úr báðum hnappagötum".

Eins og frásögn þessi ber með sér, þá verður naumast komist hjá því að ætla, að eitthvað hafi þarna gerzt meira en eintómur draumur. Að vísu skilst mér, að þetta, sem hann þóttist sjá vakandi, hafi nú einmitt ekki verið vökuð. Þó að hann þéttist sjá hinn framlíðna manн ganga út, þá var hvalbeinið kyrrt við hurðina og virðist hún því hafa verið óhreyfð. En hitt að hann sjálfur, sængin og koddinn skyldu vera komin fram á gólf og slitið út úr báðum hnappagötum hálsmálsins, það virðist vera meira en venjulegur draumur.

A bls. 87 til 89 segir frá illum og æðismögnum draug, en sem virðist eingöngu hafa verið draumskynjaður. Miðillinn er á leið heim

til sín og þykist þá verða var við fylgju, sem honum í fyrstu virtist vera meinlaus. En þegar hann átti eftir að eins fáa faðma ófarna heim til sín, segist hann hafa litið um öxl og fundið þá, að fylgja þessi muni þykjast hafa við sig erindi. Segist miðillinn þá hafa farið að greikka sporin, en um leið og hann kom að útidyrahurðinni, hafi hann kennt hinna verstu áhrifa, sem hann nokkru sinni hafi fundið. Segir hann að þetta hafi verið líkast því að vera stunginn hundruðum ísnála og að hann hafi nálega misst allan mátt. Enn segist hann hafa litið um öxl, og tek ég nú orðrétt upp eins og stendur í bókinni : "Ég sé þá, að á bak við mig stendur sama veran. En þá var útlit hans svo að líkja mætti við svertingja, en auk þess var hann afskraemdur af heiftaræði. Hann hóf hægri hönd á loft, og í krepptum hnefa hélt hann á blikandi rýtingi. Með leifturhraða keyrði hann rýtinginn í síðuna á mér með svo miklu afli, að hneginn skall á mér. Ég fann að rýtingurinn fór á milli rifja, og ég kenndi strax mikils sviða og sársauka. Um leið og ég sá tilræðið, greip ég báðum höndum um hurðarhúninn og ríkti í af öllu afli. Þegar ég fann að mig skorti afl til að opna, hrópaði ég af öllum mætti á hjálp. Á sama augnabliki henti þessi vonda vera sér yfir mig svo að ég missti tökin á hurðinni, og þar með voru kraftar mínir til andstöðu gersamlega þrotnir.

----- Þegar ég ránkaði við mér, var ástand mitt mjög bágborið. Ég gat þó risið upp og opnað hurðina og skjögrast inn til mína. En konan mína varð að afklæða mig og hjálpa mér í rúmið. Daginn eftir gat ég ekki klæðzt og ekki var ég fullkomlega kominn í heilbrigtr ástand fyrr en eftir viku".

Það liggur nú alveg ljóst fyrir, að enginn blikandi rýtingur hefir farið á milli rifja miðilsins, því að slíkt hefði auðvitað orðið honum að bana. Ekki er þess heldur getið, að neitt hafi á honum sést sambærilegt við það, þegar slitið var út úr hálsmáli hans. Hinsvegar verður hann á eftir veikur og máttvana, og er það af sömu ástæðu, og þó á gagnstæðan hátt, og þegar Friðrik huldulæknir og aðrir slíkir eru taldir hafa framkvæmt aðgerðir á sjúklingum, sem síðar leiddu til bata. Hefi ég séð sagt frá, að eftir slíkar aðgerðir hafi stundum sést einhver merki á líkönum sjúklinganna, og ber að skilja slíkt þannig, að það hafi borist frá draumgjafa, sem læknisaðgerðin raunverulega var framkvæmd á og sjúklingurinn var stilltur til sambands við. - En hvernig mátti það hvortveggja vera, að miðilinn skyldi dreyma svona jafnframt því að vera á gangi og vita af sér við útidyrahurðina heima hjá sér ? Líklegast þykir mér, að þar hafi verið um ¹⁾ ástæði hans að ræða og draumgjafans og að gangurinn og tilburðirnir við dyrnar hafi verið jafn raunverulegir hjá báðum. Og hvort skyldi líka það ástæði ekki hafa gert þennan draum svona sterkan og áhrifamikinn ?

Á bls. 76 segir frá villu miðilsins í björtu sumarveðri áleiðinni frá Haukagili að Húsafelli í Hálsasveit. Þóttist hann þá sjá þokumynd manns í götunni framundan, og að vegna hennar hafi hann um stund ekki komið hestinum áfram. Má segja, að það bendi til þess, að þar hafi verið um eitthvað meira að ræða en eina saman sambandssýn, þó að stundum beri víst við, að fleiri en einn sambandsskynji hið sama.

En þar sem segir frá því, að þokumynd þessi skýrðist svo að hann þekkti að þar var bróðir hans, sem virtist verða mjög glaður eftir að hafa komið miðlinum í skilning um að koma fremur að Hraunsási en Húsafelli, þykir mér benda til samskynjunar. Og sé betur að gáð, þá liggur ljóst fyrir, að þessi nýlætni bróðir hefir af einum saman eigin rammleik ekki getað verið fær um að veita þá leiðbeiningu, sem þarna kom til greina, leiðbeininguna til staðarins, þar sem hann frétti lát bæði þessa bróður síns og móður sinnar.

Að lokum ætla ég svo að taka hér upp stutta málsgrein, og getur hver ályktað það af henni, sem honum þykir skynsamlegast: "Ég býst við, að einhverjum þyki það undarlegt, að ég skyldi ekki þegar í stað ganga að andláti bróður míns sem vísu, er ég sá hann og heyrði til hans. Nú dylst mér það ekki, að það hefir verið hann, sem til míni talaði. En þá var hvortveggja, að ég trúði ekki á þessa skyggni mína, og svo hefi ég svo oft séð lifandi menn á þeim stöðum, sem þeir hafa ekki getað verið á, hvernig sem á því stendur.

Porsteinn Jónsson.

1) Með orðinu ástæði á ég hér við það, að líkt eða nálega eins hafi staðið á fyrir draumgjafa og draumþega. Báðir hafi þeir verið á leið heim til sín og báðir hafi þeir samtímis barið að sinni útidyrahurðinni hvor. En munurinn er sá, að draumgjafinn, sem sennilega hefir verið íbúi annrar jarðar, verður fyrir árás og áverka, en það hefir draumþeginn hinsvegar ekki orðið.

ÓTVÍRÆÐ DÆMI.

I.

Í "Fálkanum" 17. janúar s.l. er meðal annars grein um hugsambönd manna á milli, og segir þar á einum stað: " Þýzk telpa, sem var van gefin, gat talað mörg erlend tungumál, þegar kennari hennar stóð fyrir aftan hana og las orðin á bók án þess að segja þau upphátt ". Ennfremur er þarna á öðrum stað sagt frá því, að síðastliðinn október hafi tveir sérfræðingar í læknadeild háskólans í Fífladelfíu gert merka uppgötvun varðandi þetta sama í sambandi við eineggjatvívura, og var hún á þessa leið: " Þegar vissum rafbylgjum var hleypt inn á heila annars tvívurans, framkölluðu þær samskonar rafbylgjur í heila hins, sem hafður var í einangruðum klefa á öðrum stað ". Gefur þetta mikla ástæðu til að ætla, eins og dr. Helgi Pjeturss hélt fram, að ástand eins heila geti, þegar sérstaklega stendur á, framleiðst í öðrum heila, enda er skiljanlega ekki um annað að ræða, þegar hugsanaflutningur á sér stað og annað slíkt.

II.

Svo sem við er að búast, þá eru ekki til mörg dæmi, sem sýna það alveg ótvírátt, að draumur eins sé að undirrót vökulíf annars, og er það þó, eins og oft hefir verið vikið að hér í blaðinu og víðar, hin eina skynsamlega ályktun af því, hvernig draumar eru og hvað með svefninum veitist. Tvö dæmi get ég þó nefnt, sem sýna þetta beint og ótvírátt, og má vera, að ég hafi sagt frá þeim áður, þó að ég muni ekki eftir því fyrir víst.

Mann nokkurn, sem staddur var um haust austur á Arnarvatnsheiði, dreymdi einhverja nótt, að hann heyrði sagt : " Nú er hún dauð þessi belja ", og vissi hann um leið og hann þóttist heyra þetta, að átt var við kú eina heima hjá honum. En sömu nóttina og hann dreymdi þetta dó einmitt þessi kýr, og hafði systir mannsins sagt þessi orð við móður sína, er hún kom inn úr fjósinu og tilkynnti henni kýrlátið.

III.

Kona nokkur sagði mér fyrir tveimur árum frá því, sem ég rifjaði svo upp í viðtali við hana í dag, að hún hafi einhvern morgun, eftir að sonur hennar á 5. ári var kominn á fætur, sofnað sem snöggvast og þózt sjá út um glugga á íbúð sinni býl renna heim að húsinu og mann, sem hún þekkti, koma út úr honum. En í sama bili kallaði hinn fjögurra ára sonur hennar, að maður væri að koma, og vaknaði hún þá. Reyndist þá svo, sem fyrir hana hafði borið í svefninum. Maður sá, sem hún þóttist sjá, að væri að koma, var þarna kominn og með þeim hætti, sem hana hafði dreymt, og virðist hún þannig hafa sem snöggvast orðið draumþegi hins unga sonar síns öfugt við það, sem fyrrsagða dæmið sýnir.

Eins og ég sagði, þá rifjaðist þessi draumur upp fyrir konunni, er ég fór að spyrja hana um hann, en mundi hinsvegar betur annan draum, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja. Og ef til vill er ekki heldur alveg ófróðlegt að geta þess, að fyrr sagða drauminn, sem systir mannsins sagði mér fyrir löngu, mundi hún ekki nokkrum árum síðar, er ég fór þá að spyrja hana um hann. En ekkert vafamál, er það fyrir mér, að draumur sá var mér sagður á þann hátt, sem nú skrái ég hamn hér.

BREYTUM STEFNUNNI.

I.

Ég hlustaði í morgun á ræðu Árelíusar Níelssonar, sem var mikilsverð og hrífandi, því hún fjallaði að miklum hluta um baráttuna gegn hungri í heiminum og styrjöldum, og um það framlag sem ungt fólk á Íslandi er nú að vinna að, gegn hungri.

Mér kemur í hug spurningin : Með hverju getur hin litla íslenzka þjóð lagt mest af mörkum til að bæta hungursneyð og annað böл, sem bjáir jarðarbúa ? Víst er allt mikilsvert sem bæta má ástandið, þótt í litlu sé, t.d. sending matargjafa o.s.frv. En miklu meira þarf til, því breyta þarf ástandi jarðarbúa frá helstefnu til lífstefnuástands. Og hvaða þjóð mundi hafa möguleika til að taka að sér forystuhlutverkið á því sviði ?

Engin þjóð nema Íslendingar hafa enn slíka möguleika, því að engin þjóð önnur veit hvað til þarf. Og smæð þjóðarinnar þarf hér ekki að vera hindrun. Nánara samband við lengra komna íbúa annarra hnatta, er það sem með þarf. Við þurfum að fara að leggja stund á stjörnusambandsfræði. Það er fræðigrein sem fjallar um samband lífsins í alheimi og samband jarðarbúa við lengra komna íbúa annarra hnatta. Undirstöður þeirrar fræðigreinar eru lagðar í Nýal hinu merka riti dr. Helga Pjeturss. Við þurfum að öðlast fullan skilning á möguleikum til sambands við fullkomnari lífverur annarra hnatta, og vinna að því þúsundum saman að treysta og bæta þau sambönd. Árangur mundi brátt koma í ljós, til bóta fyrir okkar þjóð, og síðar mundi þessa árangurs gæta hjá öðrum þjóðum. Hungursneyð hinna vanþróuðu þjóða mundi verða aflétt, og erjur og styrjaldir mundu leggjast niður. Allt líf jarðarbúa mundi batna, og framfarir mundu stöðugt halda áfram, eftir að stefnunni hefði verið breytt.

II.

Lengi hafa fullkomnari vitverur annarra hnatta haft bein og óbein sambönd við okkur jarðarbúa, og ekki hefur staðið á vilja þeirra til að hjálpa okkur. Á hverju hefur þá staðið ? Á vilja okkar og viti til að taka undir við þá. Því til að geta þegið og notfært sér hjálp hinna lengra komnu, verða hinir skemmra komnu (þ.e. við jarðarbúar) að hafa náð þeirri lágmarksþekkingu að vita um tilvist þeirra, og að vita að einnig þær, eiga heima í efnisheimi vorum, þ.e. á hinum ýmsu byggilegu jarðstjörnum í alheimi. Meðan sú lágmarksþekking í líffræði og náttúrfræði er ekki fyrir hendí, verður tæplega um fullan árangur af hjálp hinna lengra komnu að ræða.

III.

Við þurfum ekki lengur að kvarta um að því lágmarksstigi þekkingar hafi ekki verið náð. Dr. Helgi Pjeturss gerði hinar svo áfaráriðandi

uppgötvanir í þessu efni fyrir mörgum áratugum. Það sem á hefur staðið, er einungis nautska og skilningsleysi okkar, landa hans, vantrú okkar á íslenzkri hugsun, og samtaka og samstillingarleysi þeirra fáu, sem skildu kenningar hans og náðu að tileinka sér þær.

IV.

Nú ættum við ekki að draga lengur að láta þessi mál til okkar taka svo um muni. Skerum upp herör, og bætum samtakamátt okkar til að ná fullkomnum samböndum við hinarr fullkomnu verur, sem vilja hjálpa okkur, og lengi hafa þráð að við mættum vaxa svo að viti og góðleika, að við gætum í sannleika og vitandi vits farið að taka undir viðleitni þeirra til að beina þróun jarðarbúa á rétta braut, sem er leið hinnar sífellt vaxandi samstillingar, velmegunar og gæfu.

Ingvar Agnarsson
2/19 1965.

ÓLAFUR HALLDÓRSSON SKRIFAR.

Einn höfuðágreiningurinn milli hinna Nýólsku kenninga og kenningar kirkjunnar snýst um það, hvort veran í " helvítí " sé eilíf eða ekki. Frá okkar sjónarmiði er heilbrigð skynsemi að líta svo á, að hegningin fyrir syndir vorar fari eftir ákveðnu náttúrulögþáli, sem sér um jafnvægi milli syndar og hegninga. Maður sem stolið hefur t.d. epli verður að " skila " því með því að gangast undir vissa hegningu. Þannig munu allar misgjörðir okkar koma okkur í koll. Við munum þó öll fyrir eða síðar hverfa til hins mikla lífafls sem við öll erum hluti af. Kristnir menn halda því eiginlega fram að vogarskál drottins sé " ryðguð ", ef svo mætti að orði komast. Sá sem stolið hefur epli, fær ekki eftir dauðann að taka út réttláta refsingu fyrir stuldinn, heldur skal hann að eilífu kveljast og af öllum að eilífu fordæmdur. Út frá þessu hlýtur ein veigamikil spurning að vakna : hljóta þá ekki þeir sem hlotið hafa himnaríki, að þjást við tilhugsunina um að nánir vinir þeirra og ættingjar kveljist að eilífu í helvítí. Petta ætti að verða kristnum mönnum fróðlegt íhuguna refni, ef þeir eru sannleiksleitandi menn. En í stað þess fyllast þeir " guðsóttu " og telja Guðs vegi órannsakanlega og að enginn hafi rétt til að forvitnast þar um. - En er það réttlæti ? Hver getur teft, án þess að þekkja leikreglurnar ? Er ekki endalaust hægt að dæma menn fyrir brot á leikreglum, ef þeir eiga þess engan kost að kynnast þeim ? Finnst mér nú að kirkjunnar menn ættu að íhuga þetta rækilega, og ef á þá sækja spurningar, geta þeir leitað fyrir sér í Nýal, og lesi þeir með skynsamlegri yfirvegun, hlýtur að renna upp fyrir þeim ljós. Sannast hér málshátturinn um að " Guð gefur mönnum hneturnar, en brýtur þær ekki ". Það fer nú að renna upp hin ellesta stund til að hverfa af helvegi, og sjáum við ekki

viðurstygð vanþekkingar og niðurniðslu allt í kringum okkur, ef við aðeins viljum opna augun.

Færist mannafley
að feigðarboða.
Horfir himna mey
á heljarroða.
Veröld ei virðir,
vitbera forna,
báru þeir byrðir
blessun að orna.

Ekhn - Aton fyrst
upp skulum telja
höfðu hilmí kysst
himnaskin og elja.
Bláki frelsis birtu
í bölvards landi,
en halir eigi hirtu
og hugsun byggðu á sandi.

Sókrates síðan
sinna skulum
leið fyr heims líðan
lyfti himna dulum
En sannleiki sörvá
svikinn var,
bitinn böл-hjörva
ben með hreysti bar.

Svo í daufra dróma
Dr. Helgi vann,
lifandi veitti ljóma
ljósið sem hann fann.
Opnaði undraheiminn,
allt af ljósi kvikt
Háa himingeiminn
hefur að nýju byggt.

Ólafur Halldórsson.

DR. HELGI PJETURSS.

Höfundur kvæðis þessa er Vestur-Íslendingur, ættaður úr Skagafirði. Hann var góðkunningi Stephans G. og létt kvæði þetta fylgja frásögn, er hann sendi um minnisvarða þann um Stephan, sem Kanadastjórn hefir nýlega látið reisa.

Horfinn er hann -
Hamingja Íslands í sárum.
Sorgin er dimm
Sólroði slokknaraf bárum.
Hafið er djúpt
Himininn stirndur í tárum.

Föl-leit er fold
Fossanna dynur er þungur.
Drjúpa nú fjöll
Dverg-álfar skrifða í sprungur.
Hræddust þeir hann
Helga - og þá var hann ungur.

Ráð-laga rím
Réði nú atlögum högum :
Vísinda mál
Vakið með Þórs-hamars slögum.
Bergveggja bók
Brotin var þá upp að lögum.

Fundvíð og snjall
Fannst þú þar óþekktar rúnir.
Brotið var blað
Bókar - og háfjalla-brúnir
Skiftu um ham -
Skulfu þá jarð-dvergar fúnir -

Jáð rúna rök
Raktir þú bergveggja-sala.
Sköpunar skjal
Skýrðir þú íslenzkra dala -
Vísinda mál
Varst þú þar ungar að tala

Frægð þinni fyrst
Fagnað var norður á löndum.
Öfundin ein
Ötul - með róg-vængjum þöndum -
Æfilangt skeið
Elti - og reirði þig böndum -

Frjálslyndir menn -
Fremstir að dómgreind og vilja :
Mátu þitt met
Megnuðu starf þitt að skilja -
Lífskálda ljóð
Lengi er ei hægt að dylja.

Helstefnu hug :
Hvarvetna vildir þú rýra -
Drengskapar mál
Djarflega reyndir þú skýra -
Bróðernis braut
Byggðir þú upp milli hlýra.

Vitgeisla veg
Vissir þú heima á milli.
Líffstefnu-líf
Laðaði hugmynda snilli :
Þjóðrækni þín
Parfnaðist almennings hylli.

Mannúðar mál
Munanum vildir þú festa.
Heimsmála hag
Hamingju taldir þú mesta -
Líffstefnu lífs
Leiðina framvindu bezta.

Þjóðræknis sál
Þín er tungunni bundin :
Vitgeisla veg
Varðar hún málsnilli undin -
Þrautreyndri þjóð
Pegnhollustu verður hún fundin.

Jakob J. Norman

STUTTAR FRASÖGUR.

I "Furðum Reykjavíkur", Mbl. 14. IV. sl., er sagt frá áhrifum deyjandi manns á annan með þeim afleiðingum, að þessir annar, sem er sögunaðurinn, verður vanmegna um stund svo að hann getur sig ekki hreyft, og minnti þetta mig á líkt ástand, sem gamall Hálssveitingur, Sigurður Jónsson, síðast bóni að Landbrotum í Kolbeinsstaðahreppi, sagði mér fyrir löngu. En frásögn Sigurðar er á þá leið, að eithvert sinn, er hann hafði lagt sig í rúmi sínu, þar sem hann var þá til sjóróðra, fannst honum sem lagst væri ofan á sig og allt magn dregið úr sér. Rétt á eftir kom þar svo inn félagi hans einn, sem oft hafði ýmsar glettur í frammi og hafði víst nú verið með eithvað slíkt í huga. En um leið og hann kom, minnir mig að Sigurði hyrfi vanmegni þetta, sem virðist hafa verið ekki óskyld herfjötri eins og líka fyrr talda dæmið. Hinn deyjandi maður, sem þar var áhrifavaldurinn, réði sér bana morguninn eftir, að sögunaðurinn hafði gert honum tiltal fyrir drykkju-

skap, og er því ástæða til að ætla, að þar hafi eins og líka í síðartalda dæminu, komið til greina sterk hugsun.

Annað sagði Sigurður mér, sem nú rifjast upp fyrir mér: Sjóróðra félagi hans annar varð jafnan sjóveikur nokkru áður en á flot var komið. En hið merkilega við það var, að hann hefir auðsjáanlega ekki orðið það af einni saman tilhugsun sinni um það, sem framundan var. Bæri svo við, að ekki varð af róðri einhvern dag og það þótt hann vissi ekki annað en róið yrði, þá fann hann ekki til þessarar sjóveiki sinnar. Hins vegar átti það sér líka stundum stað, að ekki stoð til að róa vegna veðurs eða einhverra annara ástæðna, en var þó róið er á daginn leið, og brást það þá ekki, að fyrirframsjóveiki manns þessa hafði sagt fyrir um það.

Einhver kynni að spyrja um það varðandi Morgunblaðsfrásöguna, hvað hafi í rauninni átt sér stað, þegar sögumaðurinn þóttist heyra lok-íð upp útidyrahurðum, þeim skellt aftur, gengið svo upp tröppur, kippt upp stofuhurðinni, sjá hinn deyjandi mann koma inn, ganga rakleitt að sér, hvísla að sér orðum, sem hann að vísu gleymdi í bráð, eins og hann kemst að orði, sjá hann síðan ganga út, loka á eftir sér og heyra síðan fótatak hans alla leið út á götu. En áður en ég reyni að svara því, ætla ég að segja frá öðru dæmi ekki alveg óskyldu.

Guðni hét maður Ísleifsson, sem lengi bjó að Signýjarstöðum í Hálsaveit, þar sem hann líka var fæddur og uppalinn. Seinna gerðist hann verkamaður í Reykjavík, og þá nokkuð aldraður orðinn, og þar lézt hann. En einhvern dag, þegar hann lá banaleguna, heyrðist mjög greinilega að Signýjarstöðum að drepið var á dyr án þess að nokkur maður sæist, og sagði þá húsfreyjan, Ástríður Þorsteinsdóttir, að nú væri líklega hann Guðni að deyja. Enda reyndist svo. að hann hafði láttist þennan dag og um líkt leyti dags og barið hafði verið.

Sagt hefir mér verið, að litli fingur annrarar hvorrar handar konu nokkurrar hafi jafnan dofnað um stund eða orðið sem líflaus áður en hún frétti lát einhvers ættingja síns eða góðkunningja, og bendir slíkt til einhvers kraftláts eða þáttöku hennar í dauða þeirra. Einnig er líklegt, að höggin, sem heyrðust vera drepin á dyr Signýjarstaðabæjar, hafi verið framkomin við slíkt kraftlát þeirra, sem heyrðu, og mætti jafnvel láta sér detta í hug einhverja viðleitni hins deyjandi manns til endurlíkmunar á þessum bernskustað sínum og endurminninga. En rétt þykir mér þó að geta þess, sem mér var sagt, að Jósep Eliesersson, maður Ástríðar, sem þá var orðinn gamall og mjög heyrnarljór, virtist hafa heyrta þetta eins vel og aðrir. Mætti því þarna láta sér detta í hug sambandsheyrn, þar sem það líka liggur ekki ljóst fyrir, hvernig eða með hverju höggin voru framleidd. Og þegar svo gætt er að því varðandi Morgunblaðsfrásöguna, að sögumaðurinn skyldi ekki "Muna í bráð", það sem honum þótti hinn deyjandi maður hvísla að sér, þá bendir það til hins sama. Hið líklegasta er, að þar hafi fyrst og fremst verið um einhverskonar draum að ræða, þó að auðvitað hafi það ekki verið án sambands við manninn, sem var að deyja.

Fyrir mjög skömmu átti ég tal við Guðmann Geirsson, sem lengi var bóni að Örnólfssdal í Þverárhlið. Rifjaðist þá upp huldusýn sem ég heyrði hann segja frá fyrir sextíu árum. Var Guðmann þegar hann sá þessa sýn á barnsaldri, og átti heima á einhverjum bæ í Grímsnesi. Var það þá eitt sinn er hann sat hjá kvíáum, að hann allt í einu sá þar bæ, sem hann kannaðist ekki við, og ekki átti að vera til á þeim slóðum. Lýsti Guðmann þessu nokkuð nákvæmlega, og gat þess að umhverfið hefði orðið allt annað. Fjárhús sá hann þarna tvístæð, og stóðu þau opin en hurðir voru reistar upp við vegg. Einnig sá hann þar ríðandi mann sem teymdi fjóra hesta undir heyböggi, og var þetta því mjög samkvæmt því sem á bæjum gerðist í þá daga.

Nokkra stund horfði Guðmann á þetta, en svo hvarf það allt í einu, og var þá engan bæ að sjá né heylest, enda var landslagið þá orðið eins og það átti að vera.

Að lokum ætla ég að segja hér frá lítilli eigin reynd, og kynni hún að geta varpað ljósi á sumt af því, sem að framan hefur verið sagt. Það var um haust fyrir 26 eða 27 árum að ég var að koma fyrir kartöflum í kofa nokkrum, alllangt frá íbúðarhúsi því sem þá var. Voru tvær ungar dætur mínar þar hjá mér. Heyrðum við þá öll að kallað var, og hugðum það merki um að við ættum að koma heim til kaffidrykkju, sem liðið var að. En þegar heim kom var okkur sagt að ekki hefði verið kallað, heldur aðeins hugsað um að fara að kalla.

Og hver er nú sennilegasta skýringin á þessu ? Sennilegasta skýringin þykir mér að kona míín hafi stillt okkur þrjú til sambands við heyranda einhvers slíks kalls, og þá helzt þannig, að um ástæði hafi verið að ræða. Híð sennilegasta þykir mér, að á einhverjum stað öðrum, hafi þessa stund staðið mjög líkt á og hjá okkur, og að þar hafi það raunverulega gerzt, sem við skynjuðum.

Og varðandi sýn Guðmanns, þá er ekki um að villast, að þar hefur einnig verið um þesskonar samband að ræða.

VÍSINDAGREINAR FRAMTÍÐARINNAR.

Þegar farið verður í alvöru að sinna þeim kenningum sem dr. Helgi Pjéturss flutti fyrstur, munu þær verða undirstaða nokkurrá nýrra vísindagreina, sem stundaðar verða við flesta háskóla um viða veröld og þykja munu mikilsverðari flestum öðrum. Siðar munu rísa sérstakar stofnanir, sem tileinkaðar verða einkum, rannsóknnum á þeim fyrirbærum er þessar kenningar byggjast á.

Stjörnusambandsfræði mætti kalla einu nafni allar þær fræðigreinar er undir þessar rannsóknir falla.

Stjörnulíffræði munu verða þar efst á blaði. Rannsóknir á lífheimi annara jarðstjarna verður mikið rannsóknarefni. Skilningur á lífgeisluninni verður þar sterkasta undirstaðan, og það sem

allar rannsóknir byggjast á í raun og veru. Samband við íbúa annara hnatta verður þá orðinn sjálfsagður raunveruleiki, og byggist það samband á lífgeislan milli hinna fjarlægðu íbúa hnattanna. Mun lengra komnu íbúum annara jarðstjarna, auðnast að efla okkur að visku og mætti og góðleika, svo að takist megi að stýra framhjá verstu hættunum, en stefna jarðarbúum á braut vaxandi samræmis og samstillingar.

Stjörnumannfræði verður mikið stunduð, því eftir að raunveruleg sambönd verða komin á við lengra komna íbúa annara stjarna, munu sambönd einnig opnast til annara mannkynja, þeirra, sem ekki eiga rót sína að rekja til okkar jarðar.

Framlífsfræði verður mikilsverð vísindagrein, og fjallar einkum um framlíf þeirra sem héðan flytja á aðra hnetti, og hvernig breythi þeirra í frumlífi hefur skapað þeim mismunandi örlög, í framlífi þeirra á öðrum stjörnum.

Lífernismfræði verður mikið stunduð, enda er lífernir einstaklinga og mannkynsins í heild, það sem mestu máli skiptir í þeirri viðleitni að komast á framfarabraut bæði hér á jörðu og eftir að flutt er á aðrar.

Magnanarfraði og lífgeislunarfræði eru nátengdar þeim greinum, sem á undan eru nefndar. Verða í þessum fræðum gerðar hinar mikilvægustu rannsóknir og tilraunir, enda heill og heilbrigði undir því komin að vel takist til með ástundun þessara greina. Má í því sambandi nefna lífgeislalækningar, sem mjög munu verða stundaðar með tilstyrk aðsendar orku frá öflugri lífheimum annara hnatta.

Stjörnujarðfræði og stjörnulandafræði verða vísindagreinar, sem margir munu leggja stund á. Fyrir lífgeislasamband við íbúa annara hnatta, verður unt að fá ýmsa vitneskju um jarðmyndanir og landaskipan á ýmsum hnöttum, og verður þannig unt að færa út þekkinguna á alheiminum á mun stórkostlegri hátt, en enn hefur unnt verið.

Stjörnudýrafræði og stjörnururtafræði verður hægt að stunda með miklum árangri, og mun þannig þekking okkar á þessum efnum fara að ná til annara jarðstjarna. Og er slíkt eingöngu hægt með lífgeislaðferðinni, sem áður er minnst á.

Með skilningi á undirstöðuatriðum þeirra vísindagreina, sem nefndar eru hér á undan og með árangursríkum rannsóknum og tilraunum á þeim sviðum, mun vísindunum opnast leið til skilnings á enn tveimur vísindagreinum er nefna mætti Lífmyndunarfræði og efnissköpunarfræði.

Ingvar Agnarsson,
í ágúst 1965.

PORSTEINN JÖNSSON Á ÚLFSSTÖÐUM SJÖTUGUR.

Það sem hér fer á eftir, má telja að sé framhald af afmælisgrein minni um Þorstein, er birtist í " Tímanum ", 5. júní 1956 og raunar annarri líka í sama blaði, frá 25. sept. 1953, er fjallaði um bók hans " Tunglsgeisla " er þá var nýúkominn.

Eins og mörgum mun kunnugt vera, þá varð Þorsteinn sjötugur 5. apríl s.l. Undarlega hljótt finnst mér að verið hafi um afmæli hans, á þessari öld hinna miklu minningarskrifa um merkisdaga í lífi manna. Þó er þarna ein undantekning, sem er Þorsteinn Guðjónsson með ágætri og snjallri grein í Morgunblaðinu, um þennan nafna sinn. Eg er að minnast á þetta hér, af því að mér finnst þetta svo átakanleg og nærtæk sönnun þess, hve erfitt er að vera stór í umhverfi sínu, þ.e. stór í hugsun er sýnir fram á sanna framfaraleið, í því sem mestu máli skiptir. Þetta hefur komið fram frá þjóðfélagssins hendi, á liðnum árum, með því að veita honum ekki rithöfundastyrk. En þess hefði hann þó mjög verið verðugur, fyrir hið árifandi málefni, sem rit hans flytja, ásamt rökfastri skapandi hugsun í göfugu og fögru formi, sem tungan gefur svo mjög tilefni til. Mér hafa því verið mikil vonbrigði, að ábending mín, í áðurnefndum greinum mínum, hefur verið að vettugi virt, því að satt að segja ber þetta ekki vott um heilbrigða andlega framvindu í lífi þjóðarinnar, svo ekki sé meira sagt.

En þó svona hafi tiltekizt, þá getur Þorsteinn, á þessum tímamótum, glaðzt yfir þeim árangri, sem hann hefur náð með ritstörfum sínum. Einhverntíma kemur að því, að þau verða metin að verðleikum.

30. júní 1966

Bjarni Bjarnason, Brekkubæ

REKSTRARREIKNINGUR 31/12 1965.

	Debet	Kredit
Sjóðsreikningur	63.922.97	63.218.36
Bankareikn.	13.952.08	10.959.51
Félagsgj. reikn.		28.700.00
Nýalsreikn.	170.321.80	11.786.26
Áhaldareikn.	8.231.16	231.16
Inneign félagsmanna	6.900.00	8.400.00
Víxískuld reikn.	10.000.00	10.000.00
Gjafa og áheitareikn.		6.000.00
Félagsblaðið	7.000.00	335.00
Tímaritsreikn.	7.417.35	5.077.35
Vaxtareikn.		713.69
Kostnaðarreikn.	9.846.50	120.00
Húsaleigureikn.	19.200.00	
Höfuðstólsreikn.	<hr/> 316.791.86	<hr/> 171.250.53
	316.791.86	

Sjóðreikn.	8.668.02	8.668.02
Bankareikn.	75.373.67	42.500.00
Víxileignareikn.	97.500.00	40.000.00
Vaxtareikn.		8.168.02
Gjafa og áheitareikn.		500.00
<u>Byggingarsj. Stjörnusamb. st.</u>		<u>81.705.65</u>
<u>=====</u>	<u>498.333.55</u>	<u>498.333.55</u>

Tap Félagssjóðs	177.81
Agðói Byggingarsjóðs	8.668.02

EFNAHAGSREINKINGUR 31/12. 1965.

Sjóðsreikn.	704,61	
Bankareikn.	2.992.57	
Nýalsreikn.	158.535.54	
Áhaldareikn.	8.000.00	
Inneign félagsmanna		1.500.00
Tímaritsreikn.	2.340.00	
<u>Höfuðstólsreikn.</u>		<u>171.072.72</u>
	172.572.72	172.572.72
Sjóðreikn.	0.00	
Bankareikn.	32.873.67	
Víxileignareikn.	57.500.00	
<u>Byggingarsj. Stjörnus.</u>		<u>90.373.67</u>
<u>=====</u>	<u>262.946.39</u>	<u>262.946.39</u>

Endurskoð endur :

Halldór Halldórsson
Elsa G. Vilmundardóttir

Sigurður F. Ólafsson
Gjaldkeri.

EFTIRMÁLI.

Mælzt hefir verið til þess við mig, að ég láti ekki falla niður að gera grein fyrir efni blaðsins í hvert sinn, sem það kemur út. Féll betta niður í síðasta hefti, sem var að efni til mjög á einn veg, sem enn er hér nokkurt framhald af. Er hulusýn Guðmanns ef til vill skýrasta dæmið hér um sambandsskyn, og skal hér geta þess því til áréttigar, að hann sagði, að ef til vill hefði hún verið markleysa vegna þess, að hann hafi verið svo syfjaður, þegar hana bar fyrir hann. En einmitt það bendir til þess, að hún hafi verið draumsýn nokkurs-

konar eða fjarskynjan eins og það, sem Indriði Einarsson segir ein-hversstaðar frá að borið hafi fyrir sig um nótt, er hann var einn á ferð milli byggða. Fór hann þá að sjá ýmsar ofsjónir, sem auðvitað hafa ekki átt sér stað í umhverfi hans, en gátu engu að síður verið raun-verulegar. Og nú dettur mér í hug til skilnings á frásögu Guðmundar á Klafastöðum af því, þegar Tómas Þorvarðsson rak frá sér kven-drauginn, sem honum virtist vilja fylgja sér. En það var svipsýn, sem Guðmann sagði að hefði horfið sér um leið og hann byrsti sig gegn henni, og er hvarf hennar af því skiljanlegt þannig, að við byrsting hans hafi draumleiðsla hans rofnað eða það samband, sem sýninni olli.

Segja má það um grein Ólafs Halldórssonar, sem er kornungur maður, að hún eigi meira erindi til annarra en Nýalssinna, sem líta væntanlega flestir svo á, að ámóta fráleitt sé að tala um refsandi guði og snjókomu úr sólinni. En vegna þess, hve hinn svarti rétttrúnaður virðist nú vera í sókn innan kirkjunnar, er ekki úr veki, að að þessu sé vikið. Vísur Ólafs fjórar, sem eru að ýmsu leyti sérkennilegar orðaðar, læt ég fylgja grein hans. Og svo er hér annað kvæði eftir Vestur-Íslendinginn Jakob J. Norman, og þykir mér rétt, að félagsblaðið geymi það. Kvæðið er tekið upp úr gömlu Tímbblaði.

Vel má það vera, eins og Ingvar talar um í annarri grein sinni hér, að kenningar Nýals verði í framtíðinni gerðar að sérgreinum, og mun þó sú sérgreining verða til þess, að hvað eina bregði aukinni birtu á allt annað. Og þetta, sem Ingvar talar um stefnubreytingu, er nokkuð, sem alltaf er að verða meir og meir aðkallandi. - Þegar ég í kvöld, 29. júlí, heyrði sagt frá því í fréttum, að tvö ungmenni, annar 14 og hinn 15 ára hefðu hlotið bana af heyvinnuvélum, þá kom mér það í hug, sem stendur á einum stað í Nýal, að jafnvel við heyskap muni verða hörmulegir mannskaðar, verði stefnunni ekki breytt. En manntjón við þá vinnu var fyrir svo sem 40 til 50 árum miklum mun óhugsanlegra en nú, og sýnir það, hve mjög dregur til hins verra þrátt fyrir allar framfarir.

Stutt afmælisgrein birtist hér um sjálfan mig, og kann sumum að finnast slíkt lítt viðeigandi í blaði, sem heita á að ég ráði yfir. En hversvegna skyldi ég fara að stinga því undir stól, sem ekki eru nein ósannindi og það þótt um sjálfan mig sé sagt. - Að vísu hefur stundum legið við, að mér yrði það á að meta menn mikils fyrir það mest, að þeir mátu mig lítils, og hefi ég þannig í sjálfum mér komist í kynni við hneigð skylda því, sem framar öllu er undirrót hins óþjóð-lega hugsunarháttar, sem svo mjög er ríkjandi. En fyrir það að gera mér ljóst, að slíkir voru ekki alltaf hinir vitrustu, hefi ég vogað mér að að vera þeim ósammála um sumt. Trausti mínu á skilning minn og það, sem mér finnst, hefi ég haldið óskertu, og á ég það ekki sízt að þakka að ég hefi þar sjaldan staðið einn. Samherjar mínr um Nýalsmál hafa lengi verið mér stuðningur og styrkur.